

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamlag Þingeyinga-urðun Laugardalur, Húsavík



Dags eftirlits	2.10.2012	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Sorpsamlag Þingeyinga-urðun	Fulltrúi UST	Valur Klemensson
Heimili	Víðimóar 2/Laugardalur	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	711001-2470	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hafsteinn Gunnarsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	574545,649 617913,682

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Geymslusvæði staðarins voru snyrtileg. Tvö frávik voru staðfest en þau eru: 1. Botnaska úr sorpbrennslunni á Húsavík hefur verið urðuð í Laugardal en hún stenst ekki útskolunarmörk fyrir óvirkan úrgang (Laugardalur er urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang). 2. Asbestplötur voru á svæðinu en geymsla eða urðun þeirra er óheimil á staðnum. Gildistími starfsleyfis rann út 18.12.12, en rekstraraðili hefur sent inn umsókn um undanþágu til umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Gerð er ein athugasemd er fjallar um mælingar á vatni sem fer um urðunarsvæðið, en slíkar mælingar hafa ekki farið fram á staðnum.

UMFANG EFTIRLITS

Fundur um málefni urðunarstaðarins fóru fram 15.3 sl. og 2.10.sl. en skoðun á urðunarsvæðinu í Laugardal fór fram að loknum síðari fundinum. Þorkell Björnsson Heilbrigðiseftirliti NEY sótti báða fundina en á þeim var rætt um framtíð staðarins, (þar sem starfsleyfi er að renna út), meðhöndlun á ösku og starfsleyfisskilyrði.

Að síðustu var farið yfir ákvæði er varða meðhöndlun asbestúrgangs í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Þá voru niðurstöður mælinga á botnösku metnar.

Frávik frá

Samkvæmt ákv. 1.1 í starfsleyfi má aðeins urða óvirkan úrgang, sjá einnig losunarmörk fyrir útskolun óvirks úrgangs í reglug. nr. 738/2003 um urðun úrgangs, viðauka II, ákv. 2.1.2.1.

Lýsing á frávikum

Sýni úr botnösku sem urðuð hefur verið í Laugardal stenst ekki sett útskolunarmörk fyrir óvirkan úrgang. Þrjú sýni af botnösku voru mæld (útskolunarpróf) í júní sl. en fjölmargir efnispættir voru yfir losunarmörkum m.a. í öllum tilfellum Cr,Cu og Cl, sjá einnig umfjöllun í eftirlitsskýrslu sorpbrennslu.

Heimild til geymslu eða urðunar asbestúrgangs er ekki til staðar, sjá ákv. 1.1 í starfsleyfi og reglugerð nr. 738/2003, viðauka II, gr. 2.1 og 2.3

Lítill stafli af asbestplötum var á urðunarsvæðinu.

ATHUGASEMDIR

Eftirlitsmanni Umhverfisstofnunar er ekki kunnugt um að mælingar á vatni sem fer um urðunarstaðinn hafi farið fram, enda eru þær ekki tilgreindar í starfsleyfi. Mikilvægt er að slíkar mælingar verði gerðar. Útskolun úr úrgangi er mikilvægur umhverfisþáttur, ekki síst þar sem aska hefur verið urðuð á staðnum.

ANNAÐ

Starfsleyfi rekstraraðila fyrir flokkun- og böggunarstöð (sem ekki var reist) og urðun óvirks úrgangs í Laugardal rann út 18.12.2012. Rekstraraðili hefur ekki sótt um endurnýjun starfsleyfis en umsókn um undanþágu frá starfsleyfi barst umhverfis- og auðlindaráðuneyti í rafpósti 13.11.2012.

Reykjavík, 09.01.2013

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.